


Reykjanesbær 11. ágúst 2021
Máls nr. (2021040520)

Tjarnabraut 4 Minnisblað

Fjölgun íbúða er mótmælt vegna aukinnar umferðar við Akurskóla og hættu sem af því gæti skapast fyrir börn í hverfinu og sértaklega þegar þau eru á leið í skóla.

- Gert er ráð fyrir í skipulagi að 3000 bílar fari um Tjarnabraut fram hjá Akurskóla. Á um 900m fyrsta kafla Tjarnabrautar hafa orðið á sl. 15 árum 5 óhöpp gangandi eða hjólandi vegfarenda í umferðinni. Þau voru skráð sem slys með litlum meiðslum eða óhapp án meiðsla. Grunn- og leikskóli hverfisins eru við eina helstu umferðargötuna og því mikilvægt að umferðarhraða sé áfram haldið niðri og því sé fylgt eftir með eftirliti á álagstímum.



https://map.is/reykjanesbaer_innri/?# tímabilið 2006-2021 öll óhöpp

Mótmælt er fækkun bílastæða og hættu á að lagt verði í götu

- Þegar bílastæðahlutfall fer úr 1,8 stæðum í 1,6 þýðir það að þrjú stæði sparast við að fjölga íbúðum um 6, þ.e. úr 11 íbúðum í 17. Heildarfjöldi bílastæða verður 27 í stað 30.

Gerðar hafa verið kannanir í Tjarnar- og Dalshverfi á bílastæðapörf við fjölbýli, en bílastæðahlutfallið 1,6-1,8 þjónar sínu hlutverki ágætlega. Almennu eru fleiri bílar sem fylgja íbúðum í sérbýli og raðhúsum en þar er þriðja og fjórða fjölskyldubílnum oft lagt í götu.

Tilheyrandi mengun yfir leiksvæði barna.

- Aukin umferð er það lítil að möguleg mengun verður ekki mælanleg.

Gerð er athugasemd við aukið byggingarmagn, húshæð, skuggavarþ auk áhrifa á vind.

- Ekki er verið að auka byggingarmagn á lóðinni. Ekki er verið að hækka bygginguna frá gildandi skipulagi. Í reynd er verið að stytta byggingarreit um 0,4m til beggja enda.

Gerð er athugasemd við umfang grenndarkynningar, að fleiri hagaðilar hefðu átt að hafa beina aðkomu.

Það var metið sem svo að umfang breytinga væri það lítil og áhrif svo takmörkuð að miðað var við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
